



LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS  
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Kópavogi, 17. mars 2014.

**Efni:** Tillaga til þingsályktunar um aðgerðir í þágu lækningar við mænuskaða, 294. mál, þingmannatillaga.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 26. febrúar sl. þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á tillögu til þingsályktunar um aðgerðir í þágu lækningar við mænuskaða, 294. mál á 143. löggjafarþingi.

Í tillögunni felst að Alþingi feli ríkisstjórninni að fylgja eftir vitundarvakningu um málefni mænuskaða á alþjóðavettvangi, jafnhliða stuðningi við átak Sameinuðu þjóðanna um bætt umferðaröryggi. Í texta tillögunnar eru síðan rakin verkefni á alþjóðaverkefni sem lagt er til að Ísland beiti sér fyrir, m.a. á formennskuári Íslands í Norrænu ráðherranefndinni.

LÍ telur undir það sem í tillögunni felst að fylgja þurfi eftir vitundarvakningu um málefni mænuskaða. Félagið telur jafnframt að þeirri vitundarvakningu þurfi jafnt að fylgja eftir innanlands sem utan.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu tilbúnir til að koma á fund velferðarnefndar til að ræða efni tillögunnar, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,  
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,  
formaður.